



**Lánasjóður sveitarfélaga ohf.**

**Útgefandalýsing**

**September 2023**

## EFNISYFIRLIT

1	Áhættuþættir .....	2
1.1	Útlánaáhætta .....	2
1.2	Mótaðila- og gengisáhætta .....	2
1.3	Vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta .....	3
1.4	Lausafjár- og fjármögnunaráhætta .....	3
1.5	Rekstraráhætta .....	3
1.6	Starfsmannaáhætta .....	3
1.7	Lagaleg áhætta .....	3
1.8	Eiginfjárstýring .....	3
2	Upplýsingar um útgefanda .....	3
3	Yfirlit yfir starfsemi .....	4
3.1	Ágrip af sögu .....	4
3.2	Stjórnarhættir .....	4
3.3	Frávik frá reglum um stjórnarhætti .....	5
3.4	Áhættustýring og stjórnskipulag .....	5
3.5	Endurskoðunarnefnd .....	5
3.6	Sjálfbærni og græn umgjörð .....	5
4	Upplýsingar um þróun .....	6
5	Stjórn og framkvæmdastjórn .....	6
6	Endurskoðendur .....	7
7	Hlutfé .....	7
8	Dómsmál og mikilvægir samningar .....	7
9	Upplýsingagjöf samkvæmt regluramma .....	7
10	Tiltæk skjöl .....	8
11	Ábyrgir aðilar .....	8
11.1	Staðfesting .....	8
11.2	Yfirlýsing útgefanda .....	8

## 1 ÁHÆTTUÞÆTTIR

Sem lánaþyriræki stendur Lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af megin verkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar Lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi af sér alla þá atburði sem hent geta í rekstrarumhverfi hans.

Stjórn ber ábyrgð á áhættustefnu Lánasjóðsins og skilgreinir áhættuvilja. Stjórn Lánasjóðsins samþykkir reglur um framkvæmd áhættustýringar, hefur eftirlit með því að reglunum sé framfylgt og tryggir að innri ferlar vegna áhættustýringar séu yfirfarnir. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Lánasjóðsins gagnvart stjórninni.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga, fyrirtækja þeirra og stofnana annars vegar, og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hinsvegar. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána og/eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins en áhættuþættir eins og lausafjáráhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

Áhættuþættir sem eru sértækir fyrir Lánasjóðinn og geta haft áhrif á getu hans til að uppfylla skyldur sínar vegna skuldabréfanna er lýst nánar hér að neðan. Í hverjum flokki eru tilteknir þeir áhættuþættir sem eru alvarlegastir m.t.t. hugsanlegra neikvæðra áhrifa. Þá er áhættustýringu og innri reglum lýst sem sporna gegn yfirvofandi áhættu. Alvarlegustu áhættuþættirnir m.t.t. mögulegra neikvæðra áhrifa á Lánasjóðinn eru taldir upp fyrst.

### 1.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta Lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum sem og fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Skilyrði fyrir langtímalánveitingum til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem ábyrgjast skuldbindingar þeirra gagnvart sjóðnum.

Sveitarfélögin eru nú 64 talsins en þann 30. júní 2023 voru 51 þeirra lántakendur hjá Lánasjóðnum ásamt 48 félögum og byggðasamlögum í þeirra eigu. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi. Sveitarfélögin hafa reynt traustir greiðendur og hefur aldrei orðið tap á útláni frá því að Lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Eitt af skilyrðum fyrir veitingu langtímalána er að viðkomandi sveitarfélag/sveitarfélög veiti Lánasjóðnum slíkt veð. Skammtímalán er veitt án veðs en skammtímalán eru einungis veitt þegar lánsloforð fyrir langtímaláni liggur fyrir.

Fjárhæð útlánaáhættu sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfærðu virði útlánasafnsins í efnahagsreikningi. Farið er yfir lánsumsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og enn fremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál koma til kasta stjórnar, annaðhvort til ákvörðunar eða kynningar.

Áhættuskuldbinding fjármálaþyrirækis vegna einstaks viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna telst vera stór áhættuskuldbinding ef hún nemur 10% eða meira af hæfu fjármagni að teknu tilliti til frádráttar. Þann 30. júní 2023 voru engar áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum flokkaðar sem stórar áhættuskuldbindingar hjá Lánasjóðnum. Útlán til sveitarfélaga eru skilgreind sem stórar áhættuskuldbindingar ef heildarskuldbindingar gagnvart einu sveitarfélagi (og dótturfélögum sveitarfélagsins) að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Vegna ákvörðunar Lánasjóðsins að nýta sér mildunarákvæði vegna lána til sveitarfélaga sem tryggð eru með veði í tekjum, þá fá umræddar áhættuskuldbindingar áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum. Án fullrar mildunnar væru átta stórar áhættuskuldbindingar til staðar hjá Lánasjóðnum þann 30. júní 2023, sami fjöldi og í árslok 2022. Kröfur og ábyrgðir 10 stærstu sveitarfélaga eru 66% af útlánasafni. 16 sveitarfélög teljast til stórra áhættuskuldbindinga án mildunar og eru kröfur og ábyrgðir þeirra 78% af útlánasafni. Hámarksáhætta, skv. lögum um fjármálaþyriræki nr. 161/2002, á einn viðskiptamann eða hóp viðskiptamanna má ekki fara upp fyrir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.

Lánasjóðurinn er í eigu íslenskra sveitarfélaga og lánar hann eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja og stofnana sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Veð í tekjum viðkomandi sveitarfélags er skilyrði fyrir veitingu langtímalána, hvort sem um er að ræða lánveitingu til sveitarfélagsins beint eða þyrirækis alfarið í eigu sveitarfélagsins. Ef fleiri en eitt sveitarfélag eru eigendur dótturþyrirækisins er skilyrði að þau öll veiti ábyrgð á láninu með veitingu veðsins. Útlánaáhættan snýr því einkum að því að eitt eða fleiri sveitarfélög lendi í greiðsluferfiðleikum, þ.e. að greiðslum seinki eða reyna þurfi á veðið eins og dæmi er um.

### 1.2 Mótaðila- og gengisáhætta

Lánasjóðurinn ávaxtar lausafé sitt annars vegar í fjármálagerningum gefnum út af íslenska ríkinu og hins vegar í fjármálagerningum gefnum út af innlendum fjármálastofnunum, þ.e. bundnum innlánnum, víxlum, hlutdeildarskírteinum í skammtímasjóðum og sértrygðum skuldabréfum. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er því takmörkuð við ríkissjóð og innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Tapsáhætta vegna greiðslufalls eða gjaldþrots innlendra fjármálastofnana er til staðar en

Lánasjóðurinn hefur í innri reglum sett hámarks viðmið varðandi mótaðilaáhættu gagnvart hverjum einstökum aðila. Þá skal lestur ársreikninga viðkomandi fjármálastofnunar standast skoðun starfsmanna Lánasjóðsins.

Þróun á fjármálamörkuðum hefur áhrif á ávöxtun eigin fjár (þ.e. lausafé) Lánasjóðsins. Gengisáhætta er til staðar í þeim fjármálagerningum sem fjárfest er í hverju sinni og leitast sjóðurinn við að lágmarka áhættu af gengistapi með því að fjárfesta með varfærnum hætti á fjármálamarkaði í samræmi við eigin fjárfélagarreglur. Stjórn yfirfer og samþykkir fjárfélagarreglur á hverju ári en í þeim eru skilgreindir þeir flokkar fjármálagerninga sem heimilt er að fjárfesta í. Þá er kveðið á um að sjóðnum er ekki heimilt að fjárfesta í hlutabréfum, hrávörum eða fjármálagerningum sem tengdir eru verðþróun á þeim.

### 1.3 Vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta

Varðandi vaxtaáhættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð og óverðtryggð lán sem veitt eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem í dag breytast ársfjórðungslega byggt á ávöxtunarkröfu útboða sjóðsins auk álags.

Verðbólguáhættu er haldið í lágmarki með ofangreindri stefnu þar sem jákvæðum verðbólgujöfnuði er haldið á milli verðtryggðra eigna og verðtryggðra skulda. Aukin verðbólga raskar því ekki greiðslufæði á neikvæðan hátt og rýrir ekki eigið fé sjóðsins.

Sem lánafyrirtæki er Lánasjóðnum skylt að fylgja reglum Seðlabanka Íslands 784/2018 um gjaldeyrisjöfnuð. Stefna Lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhættu er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan þeirra reglna, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

### 1.4 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjáraáhætta er hætta á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af eigin fé haldið í ávöxtun til skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og sveigjanleika.

Til að lágmarka hættuna á lausafjárskorti er það stefna Lánasjóðsins að eiga nægt laust fé til að standa við skuldbindingar í a.m.k. 3 mánuði án þess að fá ný lán. Einnig tryggir þetta að sjóðurinn getur lánað af eigin fé sínu þegar aðstæður kalla á slíkt. Þar sem jafnvægi ríkir á milli vaxtaberandi eigna og skulda stafar sjóðnum takmörkuð hætta af lausafjárskorti þar sem greiðslufæði er jákvætt á öllum tímabilum.

### 1.5 Rekstraráhætta

Varðandi rekstraráhættu er stefna Lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánsamninga. Þá hefur stefna Lánasjóðsins verið að útvista skrifstofu- og bókhaldsþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu. Rekstur Lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir einsleitir.

### 1.6 Starfsmannaáhætta

Lánasjóðurinn er í dag með þrjú fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann fjárfélagarreglur. Jafnframt hefur Lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) um kaup á ýmis konar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánasjóðsins og sambandsins.

### 1.7 Lagaleg áhætta

Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda.

Lagaleg áhætta felst meðal annars í því að lögum um Lánasjóðinn yrði breytt og heimild um að veita mætti sjóðnum veð í tekjum sveitarfélaga yrði afturkölluð.

Samkvæmt íslenskum sveitarstjórnarlögum geta sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota. Það telst því harla ólíklegt að Lánasjóðurinn þurfi að afskrifa lán sveitarfélaga þó vissulega geti orðið seinkun á greiðslum til sjóðsins ef sveitarfélag hættir að greiða af skuldum sínum eða seinkar greiðslum. Ef fjárhaldsstjórn er skipuð tekur hún allar ákvarðanir um greiðslur úr sveitarsjóði sem getur haft sömu áhrif.

### 1.8 Eiginfjárfélag

Markmið með stýringu á eigin fé samkvæmt áhættustýringarreglum sjóðsins er að sjóðurinn hafi ávallt yfir að ráða nægu eigin fé til að veita á móti undirliggjandi áhættuþáttum í rekstri sjóðsins. Eiginfjárgrunnur sjóðsins samanstendur eingöngu af hlutafé, lögbundnum varasjóði og óráðstöfuðu eigin fé (almennt eigið fé).

## 2 UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA

Lög- og viðskiptaheiti útgefanda er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. Kennitala sjóðsins er 580407-1100 og LEI númer er 21380021F266ITSZ8939. Skráningarstaður útgefanda er Reykjavík, Íslandi. Lögheimili útgefanda er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Íslandi. Sími á skrifstofu félagsins er 515-4900 og almennt netfang er lanasjodur@lanasjodur.is. Slóð á vefsíðu félagsins er [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is) en efni vefsíðunnar er ekki hluti af útgefandalýsingu þessari. Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum árið 1966. Með lögum nr. 150/2006 var Lánasjóðurinn gerður að opinberu hlutafélagi og var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007. Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í 3. gr. samþykktu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kemur fram að tilgangur félagsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé til verkefna, sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, á hagstæðum kjörum, svo og önnur fjármálaþjónusta við sveitarfélög og önnur starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við megintilgang félagsins. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem ábyrgjast skuldbindingar þeirra gagnvart félaginu.

### 3 YFIRLIT YFIR STARFSEMI

Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki sem starfar eftir hlutafélagalögum, lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Jafnframt er það markmið sjóðsins að skapa öfluga samkeppni á lánsfjármarkaði fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og reyna þannig að hafa áhrif á kjör þau sem íslenskum sveitarfélögum bjóðast frá öðrum lánveitendum til lækkunar.

Lánasjóðurinn er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Heildarnafnverð hlutafjár er 5.000.000.000 kr.

#### 3.1 Ágrip af sögu

Þann 15. apríl 1966 samþykkti Alþingi lög um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 35/1966. Samkvæmt lögnum er hlutverk sjóðsins að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga, veita þeim aðstoð við öflun stofn- og rekstrarlána, annast samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör, veita skuldbreytingalán við ákveðnar aðstæður og stuðla að því að sveitarfélög verði traustir og skilvísir lántakendur.

Gerðar voru breytingar á lögum sjóðsins með lögum nr. 99/1974 þar sem framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var ákveðið 5% og framlag ríkissjóðs 2,5% af heildartekjum jöfnunarsjóðsins. Jafnframt voru skuldabréf, sem Lánasjóðurinn tekur og veitir, undanþegin stimpilgjöldum. Lánasjóðurinn er undanþeginn greiðslu á tekjuskatti og fjármagnstekjuskatti með ákvæðum í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og ákvæði í lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996 um undanþágu Lánasjóðsins frá greiðslu slíkra skatta. Með lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004 voru framlög til Lánasjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði felld niður og frá þeim tíma eru vaxtatekjur af útlánnum og öðrum fjáreignum megintekjustofn Lánasjóðsins.

Á árinu 2004 vann stjórn Lánasjóðsins að undirbúningi að breytingum á starfsemi Lánasjóðsins. Markmið breytinganna var:

- Efling Lánasjóðsins með það að markmiði að lækka fjármagnskostnað sveitarfélaga.
- Aðlögun á starfsemi hans að almennum rekstrarskilyrðum á fjármálamarkaði.
- Að æðsta vald í málefnum sjóðsins yrði fært í hendur sveitarfélaga.

Að frumkvæði stjórnarinnar, í samvinnu við félagsmálaráðherra, var unnið frumvarp til nýrra laga um Lánasjóðinn sem varð að lögum í árslok 2004 og voru lög nr. 136/2004. Helstu nýmæli í lögnum var að:

1. Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og starfar eftir þeim lögum undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Lánasjóðurinn er í sameiginlegri eigu sveitarfélaga.
2. Afskiptum ríkisins af Lánasjóðnum er lokið nema varðandi slit, sameiningu eða formbreytingu. Slíkar breytingar verða ekki gerðar nema með lögum.
3. Lánasjóðnum er heimilt að lána fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs gegn ábyrgð eigenda auk lána til sveitarfélaganna sjálfra.
4. Framlög úr ríkissjóði til Lánasjóðsins falla formlega niður, en þau hafa ekki verið greidd síðan árið 1983.
5. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Lánasjóðsins falla niður.
6. Æðsta vald í málefnum Lánasjóðsins er í höndum fulltrúa þeirra sem sveitarfélögin kjósa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
7. Samþykktir Lánasjóðsins taka mið að samþykktum hlutafélaga eftir því sem tók eru á.
8. Stjórn Lánasjóðsins setur útlánareglur þannig að þær verða ekki lengur ákveðnar með lögum.

Í desember 2006 voru síðan samþykkt á Alþingi ný lög um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007 og 14. september sama ár fékk hið nýja félag starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem lánafyrirtæki. Að fengnu starfsleyfi yfirtók félagið rekstur Lánasjóðs sveitarfélaga og lög nr. 136/2004 féllu úr gildi.

#### 3.2 Stjórnarhættir

Stjórn Lánasjóðsins ber ábyrgð á, í samræmi við 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkum rekstri, aðskilnaði og komi í veg fyrir hagsmunaárekstra. Stjórn Lánasjóðsins leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út. Síðustu ár hefur Lánasjóðurinn fengið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum frá Stjórnvísí. Lánasjóðurinn birtir stjórnarháttayfirlýsingu samhliða ársreikningi á vefsíðu sinni. Stjórn Lánasjóðsins hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verkefni eru skilgreind. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um boðun stjórnarfundar, lögmæti ályktana, reglur um fundarsköp, vanhæfiástæður og hagsmunatengsl, verksvið gagnvart framkvæmdastjóra og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins ([www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is)).

### 3.3 Frávik frá reglum um stjórnarhætti

Í fjármálafyrirtæki skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþáguheimild með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar. Lánasjóðurinn hefur fengið slíka undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2011. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skal fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfsemi til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stjórn Lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti Lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki. Grant Thornton endurskoðun ehf. hefur verið ráðið til að sjá um innri endurskoðun á Lánasjóðnum frá árinu 2022.

Viðskiptaráð Íslands hvetur til þess að stjórn skipi sérstaka starfskjaranefnd til að setja félaginu starfskjarastefnu og semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn, eigi þeir sæti í stjórn, um laun og önnur starfskjör. Stjórn Lánasjóðsins ákvað að setja ekki á fót sérstaka starfskjaranefnd í ljósi þess að einungis þrír starfsmenn starfa hjá sjóðnum auk þess sem laun starfsmanna eru tengd við launakjör starfsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### 3.4 Áhættustýring og stjórnskipulag

Sem lánafyrirtæki stendur Lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að sjá til þess að áhætta sé metin, henni stýrt og haldið innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar Lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi undir öllum kringumstæðum af sér alla þá atburði sem hent geta í umhverfi hans. Stjórn Lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé fylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Lánasjóðsins gagnvart stjórninni.

Mikill meirihluti útlána er fjármagnaður með reglulegri útgáfu í skuldabréfaflokkum Lánasjóðsins og ráðast vaxtakjör af vaxtakjörum á markaði. Endurlánað er með sömu grunnkjörum og lántökurnar að viðbættu vaxtaálagi vegna kostnaðar við útgáfu og rekstur sjóðsins. Með þessum hætti er greiðslufæði eigna og skulda að miklu leyti jafnt. Lántökugjöld eru engin. Þá veitir Lánasjóðurinn einnig lán af lausafé sínu (eigin fé) með breytilegum vöxtum en vaxtakjör lána af eigin fé ákvarðast af þeim kjörum sem fengist hafa í útboðum sjóðsins á næstliðnum ársfjórðungi.

Helstu einingar í stjórnskipulagi Lánasjóðsins eru stjórn og framkvæmdastjóri félagsins. Þá hefur stjórn skipað tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og kjörnefnd sem kemur með tillögu að uppstillingu stjórnar fyrir aðalfundi ár hvert. Starfsreglur stjórnar, endurskoðunarnefndar og kjörnefndar er að finna á vefsíðu sjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).

### 3.5 Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd Lánasjóðsins starfar í samræmi við 108. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur sett henni starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint með eftirfarandi hætti:

- Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
- Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu
- Hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings
- Meta óhæði endurskoðenda og hafa eftirlit með öðrum störfum hans
- Setja fram tillögu til stjórnar um val endurskoðanda

Endurskoðunarnefnd sjóðsins var skipuð á stjórnarfundum sjóðsins þann 31. mars 2023 en hana skipa:

- **Guðmundur B. Guðmundsson**, formaður, fyrrverandi formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar.
- **Fannar Jónasson**, nefndarmaður, bæjarstjóri í Grindavík.
- **Rut Steinsen**, nefndarmaður, viðskiptafræðingur af endurskoðunarviði og fyrrverandi lánastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga.

Engir hagsmunarárekstrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá einstaklingum í endurskoðunarnefnd og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Viðskiptaheimilisfang nefndarmanna í endurskoðunarnefnd er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

### 3.6 Sjálfbærni og græn umgjörð

Lánasjóðurinn leggur sig fram um að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í starfsemi sinni og leggur sitt af mörkum til samfélagsins og hagkerfisins. Tilgangur grænna lánveitinga er að hvetja sveitarfélög til að leggja áherslu á umhverfisvæn verkefni og sporna geng

loftslagsbreytingum. Lánshæf verkefni þurfa að uppfylla skilyrði sem byggja á alþjóðlegum viðmiðum (e. Green Bond Principles) gefin út af International Capital Market Association (ICMA).

Verkefnin þurfa að samræmast langtíma stefnu sveitarfélags í umhverfis- og loftslagsmálum og skulu vera hluti af skipulagðri vinnu á sviði umhverfismála innan sveitarfélagsins. Verkefni skulu hafa mælanleg umhverfisáhrif sem lágmarka skaðsemi á umhverfið og/eða vera verkefni sem eru aðlögunarhæf (e. 2 adaptation potentials). T.d Fráveitu – og hitaveitu framkvæmdir, vistvænar byggingar, umhverfisvænni samgöngur ofl.

Stjórnendur Lánasjóðsins ákvarða hvort verkefni uppfylli skilyrði sem samþykkt hafa verið af stjórn Lánasjóðsins og verða verkefnin að hafa mælanleg jákvæð umhverfisáhrif sem sveitarfélagið skilar inn með umsókn sinni. Lánastjóri og framkvæmdastjóri samþykkja sameiginlega hvaða verkefni skuli fjármögnuð með útgáfu á grænum skuldabréfum. Aðgengi að sérfræðingi í umhverfismálum er til staðar við mat á því hvort verkefni uppfylli þau skilyrði til að vera lánshæf m.t.t. grænna lánveitinga lánasjóðsins. Öll lánshæf verkefni eru kynnt fyrir stjórn Lánasjóðsins mánaðarlega. Lánastjóri Lánasjóðsins heldur sérstaka skrá yfir fjármögnuð verkefni og tengd umhverfisáhrif.

Lánasjóðurinn gefur einungis út græn skuldabréf þegar upphæð lánshæfra verkefna skv. umgjörðinni hefur náð ákveðnu marki. Fjárstýring Lánasjóðsins hefur umsjón með ráðstöfun söluandvirðis af grænum skuldabréfum í samræmi við innri verklagsreglur sem lúta eftirliti innri endurskoðunar. Söluandvirði skuldabréfanna er fjárfest til skamms tíma í ríkisskuldabréfum eða öðrum áhættulitlum peningamarkaðsgerningum þar til lán eru greidd út.

Lánasjóðurinn upplýsir um úthlutun til lánshæfra verkefna í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa. Endurskoðandi Lánasjóðsins fer yfir úthlutun fjármuna sem aflað er með útgáfu grænna skuldabréfa og birtir niðurstöður sínar einnig í framvinduskýrslu grænna skuldabréf. Lántakar upplýsa sjálfir um umhverfisáhrif fjármagnaðra verkefna og framkvæma sjálfstætt mat á áhrifum verkefna með aðstoð innri og/eða ytri sérfræðinga í umhverfismálum.

Í framvinduskýrslu fá fjárfestar viðeigandi upplýsingar, m.a. yfirlit yfir fjármögnuð græn verkefni, stutta verkefnislýsingu og áætluð umhverfisáhrif. Þá er farið yfir heildarfjármögnun lánshæfra verkefna og tilgreint hversu miklu fjármagni hefur verið úthlutað. Þá er settar fram upplýsingar um CO<sub>2</sub>-útstreymi sem komið var í veg fyrir, orkunýtingu og/eða aðra viðeigandi mælikvarða og heldar umhverfisáhrif fjármagnaðra verkefna. Framvinduskýrslan er birt árlega á heimasíðu Lánasjóðsins.

## 4 UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN

Ekki hafa orðið óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum Lánasjóðsins frá endurskoðuðum ársreikningi 2022 sem birtur var þann 9. mars 2023. Ennfremur hafa ekki orðið neinar verulegar breytingar á fjárhagslegri afkomu útgefanda frá lokum síðasta fjárhagstímabils sem lauk þann 30. júní 2023.

## 5 STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin ber ábyrgð á stefnumótun félagsins og stærrí ákvörðunum á milli hluthafafunda sem m.a. eru tilgreindar í starfsreglum stjórnar. Hún hefur eftirlit með öllum rekstri félagsins og fylgir því eftir að starfsemin sé að jafnaði í réttu og góðu horfi. Hún tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármuna félagsins og góð regla sé á uppgjöri sjóðsins. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og ákvörðun stjórnar. Þá ber framkvæmdastjóri ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfsemi félagsins fylgja. Lagarammi Lánasjóðsins gerir einnig kröfu um hæfi framkvæmdastjóra en hann þarf að gangast undir sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlitsins, en hann hefur staðist framangreint hæfismat.

Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins er **Óttar Guðjónsson**.

Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi sem haldinn var þann 31. mars 2023.

**Aðalmenn í stjórn:**

- **Kristinn Jónasson**, stjórnarformaður, bæjarstjóri í Snæfellsbæ.
- **Guðmundur Baldvin Guðmundsson**, varaformaður, fyrrverandi formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar.
- **Halldóra Káradóttir**, aðalmaður, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar.
- **Elliði Vignisson**, aðalmaður, bæjarstjóri í Ölfusi.
- **Arna Lára Jónsdóttir**, aðalmaður, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

**Varamenn í stjórn:**

- **Grímur R. Lárusson**, sveitarstjórnarfulltrúi í Húnabyggð.
- **Fjóra St. Kristinsdóttir**, bæjarstjóri Árborgar.
- **Katrín Sigurjónsdóttir**, sveitarstjóri Norðurþings.
- **Íris Róbertsdóttir**, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.
- **Fannar Jónasson**, bæjarstjóri í Grindavík.

Engir hagsmunarárekrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá framkvæmdastjóra, stjórnarmönnum og varamönnum í stjórn og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Stjórnarmenn eru vanhæfir til að fjalla um lánumsóknir sveitarfélaga sem þeir tengjast og vikja þeir af fundi í slíkum tilfellum. Viðskiptaheimilisfang framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og varamanna í stjórn er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

## 6 ENDURSKOÐENDUR

Í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir Lánasjóðsins skal kjósa endurskoðunarfélag á aðalfundi. Endurskoðandi sjóðsins skal jafnan hafa aðgang að öllum gögnum og skjölum sjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Á aðalfundi sjóðsins þann 31. mars 2022 var KPMG ehf., til heimilis að Borgartúni 27, 105 Reykjavík, kosið endurskoðunarfélag Lánasjóðsins til 5 ára og endurskoðandi Hrafnhildur Helgadóttir, löggildur endurskoðandi og félagi í Félagi löggiltra endurskoðanda (FLE). Sjóðurinn gerir uppgjör sín samkvæmt IFRS alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og birtir þær upplýsingar sem krafist er í samræmi við þá staðla.

## 7 HLUTAFÉ

Við útgáfu útgefandalýsingar þessarar nemur heildarhlutafé Lánasjóðsins 5 milljörðum króna sem hefur verið greitt að fullu. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs. Hlutir í félaginu geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þeirra og skal það koma skýrt fram á öllum útgefnum hlutabréfum. Einungis er einn flokkur hlutafjár útgefinn af Lánasjóðnum. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluti í félaginu má ekki veðsetja eða gefa. Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum og gildir sá réttur hvort sem eigendaskipti verða við sölu eða aðför. Að félaginu frágengnu skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína.

Lánasjóðurinn er opinbert hlutafélag sem er ekki beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum eins aðila. Reykjavíkurborg er stærsti hluthafinn með 17,47% hlut og eini hluthafinn með virkan eignarhlut (yfir 10%) samkvæmt 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Tíu stærstu hluthafar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. eru:

- Reykjavíkurborg 17,47%
- Vestmannaeyjabær 5,81%
- Kópavogsbær 5,52%
- Akureyrarkaupstaður 5,46%
- Hafnarfjarðarkaupstaður 4,25%
- Ísafjarðarbær 4,15%
- Garðabær 3,76%
- Sveitarfélagið Árborg 3,05%
- Reykjanesbær 3,03%
- Fjarðabyggð 3,00%

## 8 DÓMSMÁL OG MIKILVÆGIR SAMNINGAR

Engin stjórnslu- dóms- eða gerðardómsmál eru útistandandi gegn Lánasjóðnum og hafa engin slík mál komið til á síðustu 12 mánuðum. Stjórn og stjórnendum sjóðsins ekki kunnugt um nein yfirvofandi dómsmál eða mál sem bíða meðferðar.

Útgefandi hefur ekki gert neina mikilvæga samninga utan hefðbundinnar starfsemi Lánasjóðsins sem skipta máli fyrir möguleika sjóðsins á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar verðbréfin sem verið er að gefa út. Engar mikilvægar breytingar hafa átt sér stað á fjárhagsstöðu Lánasjóðsins né hafa orðið verulega óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum sjóðsins frá lokum síðasta fjárhagstímabils 31. desember 2022 til dagsetningar grunnlýsingar þessarar.

## 9 UPPLÝSINGAGJÖF SAMKVÆMT REGLURAMMA

Samantekt á upplýsingum sem Lánasjóður sveitarfélaga hefur birt samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 á næstliðnum tólf mánuðum og skipta máli á dagsetningu lýsingarinnar.

Eðli tilkynningar	Dagsetningar	Efni tilkynningar
Erlend lántaka	2023: 21. september	
Breyting á vaxtaálagi nýrra útlána	2023: 24. ágúst	
Tilkynningar í kauphöll Nasdaq – útgáfa skuldabréfa	2023: 9. ágúst, 3. maí, 3. apríl, 15. febrúar og 18. janúar 2022: 14. desember, 16. nóvember, 19. október, 14. september	Niðurstaða úr skuldabréfaútboði



Tilkynningar í kauphöll Nasdaq – útgáfa skuldabréfa	2023: 16. febrúar, 19. janúar 2022: 17. febrúar	Niðurstaða viðbótarútgáfu í skuldabréfaútboði
Tilkynningar í kauphöll Nasdaq - árshlutareikningur og ársreikningur	23. ágúst 2023 og 9. mars 2023	
Tilkynningar í kauphöll Nasdaq – útgáfuáætlun og breytingar á útgáfuáætlun	21. september, 5. apríl 2023, 14. desember 2022 og 17. október 2022	
Tilkynningar í kauphöll Nasdaq – aðalfundur	31. mars 2023	Niðurstaða aðalfundar
Tilkynningar í kauphöll Nasdaq – viðskiptavakt	28. mars 2023 og 17. október 2022	

## 10 TILTÆK SKJÖL

Fjárfestar geta óskað eftir grunnlýsingu þessari á prentuðu formi og nálgast hana á skrifstofu félagsins í Borgartúni 5, Reykjavík, 5. hæð. Aðgengi að eftirfarandi skjölum verður tryggt á meðan grunnlýsing þessi er í gildi. Það verður gert með birtingu á vef félagsins á slóðinni [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is):

- Samþykktir Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem samþykktar voru á aðalfundi sjóðsins þann 26. mars 2021
- Stofnsamning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem samþykktur var þann 23. mars 2007
- Græn umgjörð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem vottuð var að Sustainability í október 2019
- Vottun Sustainability á Grænni umgjörð Lánasjóðsins sem gefin var út í október 2019

Eftirfarandi upplýsinga eru felldar inn með tilvísun í grunnlýsingu þessa og skoðast þar með sem órjúfanlegur hluti af henni:

- Samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir fyrri árshelming 2023 sem birtur var í Kauphöll Nasdaq hf þann 23. ágúst 2023  
[https://www.lanasjodur.is/media/arsreikningar/Arshlutareikningur-LS-\\_-2023-06-30.pdf](https://www.lanasjodur.is/media/arsreikningar/Arshlutareikningur-LS-_-2023-06-30.pdf)
- Endurskoðaður ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2022 sem birtur var í Kauphöll Nasdaq hf þann 9. mars 2023  
<https://www.lanasjodur.is/media/arsreikningar/Lanasjodur-sveitarfelaga-ohf.-Arsreikningur-2022.pdf>
- Endurskoðaður ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2021 sem birtur var í Kauphöll Nasdaq hf þann 11. mars 2022  
<https://www.lanasjodur.is/media/arsreikningar/Lanasjodur-sveitarfelaga-ohf-arsreikningur-2021.pdf>

Endurskoðaður ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2020 sem birtur var í Kauphöll Nasdaq hf þann 10. mars 2021  
<https://www.lanasjodur.is/media/arsreikningar/Arsreikningur-LS-2020-12-31.pdf>

## 11 ÁBYRGIR AÐILAR

### 11.1 Staðfesting

Útgefandalýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“) sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129. Fjármálaeftirlitið hefur staðfest útgefandalýsinguna í þeim skilningi að hún uppfyllir þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129 en ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi útgefandalýsing varðar. Útgefandalýsingin er samin sem hluti af lýsingu og uppfyllir skilyrði 6. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/980.

### 11.2 Yfirlýsing útgefanda

Útgefandalýsing þessi ásamt verðbréfalýsingu dagsettri 29. september 2023 mynda grunnlýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sbr. 8 gr. reglugerðar 2017/1129 og í henni vísar „Lánasjóðurinn“ og „sjóðurinn“ til Lánasjóðs sveitarfélaga. Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðsins bera ábyrgð á útgefandalýsingu þessari og lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Jafnframt er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 umsýjaraðili með töku skuldabréfa útgefnum af sjóðnum til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Reykjavík, 29. september 2023  
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Fyrir hönd stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

---

Kristinn Jónasson, stjórnarformaður

Fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

---

Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri



**Lánasjóður sveitarfélaga ohf.**

**Verðbréfalýsing**

**September 2023**

## EFNISYFIRLIT

1.	Útgáfuáætlun .....	2
2.	Sértækir áhættuþættir .....	2
1.1	Almenn áhætta tengd fjárfestingu í skuldabréfum .....	2
1.2	Sértæk áhætta í tengslum við útgáfu á grænum skuldabréfum .....	2
2	Helstu upplýsingar .....	2
2.1	Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni .....	2
2.2	Samþykki skuldabréfaútgáfunnar .....	2
2.3	Tilgangur skuldabréfaútgáfunnar .....	2
3	Upplýsingar um útgefanda .....	3
3.1	Upplýsingar um útgefanda .....	3
4	Sjálfbærni og græn skuldabréf .....	3
5	Skráning á markað og fyrirkomulag viðskipta .....	3
5.1	Útgáfa skuldabréfa og skráning á markað .....	3
5.2	Útboð og útgáfuáætlun .....	3
5.3	Kostnaður við útgáfuna .....	4
5.4	Viðskiptavakt .....	4
6	Tiltæk skjöl .....	5
7	Ábyrgir aðilar .....	5
7.1	Staðfesting .....	5
7.2	Útgefandi .....	5
7.3	Yfirlýsing útgefanda .....	5
7.4	Tilkynning til fjárfesta .....	6
8	Skilmálar skuldabréfanna .....	6
9	Form endanlegra skilmála .....	9

## 1. ÚTGÁFUÁÆTLUN

Lán sjóður sveitarfélaga heldur að jafnaði skuldabréfaútboð í hverjum mánuði, að undanskilum júlí mánuði, en útgáfuáætlun ársins gerir ráð fyrir að seld verði skuldabréf fyrir 18 til 24 milljarða króna að markaðsvirði.

## 2. SÉRTÆKIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

### 1.1 Almenn áhætta tengd fjárfestingu í skuldabréfum

Helstu áhættuþáttum í starfsemi Lán sjóðs sveitarfélaga er lýst í útgefandalýsingu Lán sjóðsins dagsettri 29. september 2023 en útgefandalýsingin og verðbréfalýsing þessi mynda eina heild. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér áhættuþættina en þeim er raðað í þannig röð að alvarlegustu áhættuþættirnar eru taldar upp fyrst. Áhættuþættirnar eru: útlánaáhætta (kafli 3.1), mótaðila- og gengisáhætta (kafli 3.2), vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta (kafli 3.3), lausafjár- og fjármögnunaráhætta (kafli 3.4), rekstraráhætta (kafli 3.5), starfsmannaáhætta (kafli 3.6), lagaleg áhætta (kafli 3.7) og eiginfjárstýring (kafli 3.8).

Kaup á skuldabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og er fjárfestum ráðlagt að kynna sér efni grunnlýsingarinnar og tilheyrandi viðauka af kostgæfni. Fjárfestum er enn fremur ráðlagt að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með skuldabréf Lán sjóðsins. Fjárfestum er jafnframt bent á að leita sér nánari upplýsinga og ráðgjafar sérfræðinga ef þeir þarfnast ítarlegri útlistunar á áhættuþáttum. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað.

### 1.2 Sértæk áhætta í tengslum við útgáfu á grænum skuldabréfum

Græn skuldabréf eru þau skuldabréf sem eru gefin út í samræmi við Græna umgjörð Lán sjóðs sveitarfélaga (e. Green Bond Framework), eins og hún er á hverjum tíma. Græna umgjörðin er unnin í samræmi við alþjóðleg viðmið (e. The Green Bond Principles, 2018) Alþjóðasamtaka aðila á verðbréfamarkaði (e. International Capital Market Association eða „ICMA“), en við dagsetningu þessarar grunnlýsingar er engin fastmótuð lagaumgjörð í gildi í tengslum við útgáfu á grænum skuldabréfum. Græna umgjörðin getur tekið breytingum, en breytingar sem kunna að verða á umgjörðinni hafa ekki áhrif á áður útgefin skuldabréf, heldur eiga eingöngu við um skuldabréf sem gefin eru út eftir slíkar breytingar. Breytingar á grænu umgjörðinni veita skuldabréfaeigendum ekki gjaldfellingarheimild eða önnur réttindi, jafnvel þótt viðkomandi skuldabréf flokkist ekki sem græn eftir breytingar á umgjörðinni. Græn skuldabréf eru eins og önnur skuldabréf útgefandans þar sem allar kröfur til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnréttáar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel Græna umgjörð Lán sjóðsins og skilmála grænna skuldabréfa útgefin af Lán sjóðnum áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í slíkum skuldabréfum. Nánari umfjöllun um græn skuldabréf Lán sjóðsins er að finna á heimasíðu hans: <https://www.lanasjodur.is/graen>

## 2 HELSTU UPPLÝSINGAR

### 2.1 Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni

Engir hagsmunarárekstrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá stjórnarmönnum, varamönnum í stjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefnd og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Að undanskildri þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfa sjóðsins.

### 2.2 Samþykki skuldabréfaútgáfunnar

Stjórn Lán sjóðs sveitarfélaga ohf. heimilaði á fundi sínum þann 14. desember 2022 að veita framkvæmdastjóra sjóðsins heimild til skuldabréfaútgáfu á árinu 2023 að upphæð 35 milljarða að markaðsvirði. Stefna stjórnarinnar er að auka við þessa heimild eftir því sem þörf krefur. Lán sjóðurinn tilkynnir um útgáfuáætlun sína fyrir ár hvert, annars vegar fyrir fyrri helming ársins og hins vegar fyrir seinni helming ársins. Áætlunin er uppfærð eftir þörfum en hún var síðast uppfærð þann 5. apríl 2023 þar sem gert er ráð fyrir 18 til 24 milljarða skuldabréfaútgáfu á árinu 2023. Nánari upplýsingar eru að finna á heimasíðu útgefanda: <https://www.lanasjodur.is/fjarfestar/>

### 2.3 Tilgangur skuldabréfaútgáfunnar

Skuldabréfin eru gefin út í þeim tilgangi að fjármagna verkefni sveitarfélaga sem hafa almenna efnahagslega þýðingu í samræmi við meginmarkmið Lán sjóðs sveitarfélaga. Einnig verða gefin út svokölluð „græn skuldabréf“ í þeim tilgangi að fjármagna sérstaklega verkefni sveitarfélaga sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið og sporna gegn loftslagsbreytingum enda falla verkefnið undir Græna umgjörð Lán sjóðs sveitarfélaga um græn skuldabréf. Græn skuldabréf eru að öðru leyti eins og önnur skuldabréf útgefandans þar sem allar kröfur til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnréttáar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda. Einnig mun Lán sjóðurinn eftir þörfum gefa út skuldabréf umfram eftirspurn í útboði í þeim tilgangi að veita viðskiptavökum sjóðsins aðgang að lánsbréfum sem styður við aukinn seljanleika bréfanna og eflir verðmyndun á markaði.

## 3 UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA

### 3.1 Upplýsingar um útgefanda

Útgefandi heitir Lánasjóður sveitarfélaga ohf. Kennitala sjóðsins er 580407-1100 og LEI númer er 2138002IF266ITSZ8939. Skráningarstaður útgefanda er Reykjavík, Ísland. Lögheimili útgefanda er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Ísland. Sími á skrifstofu félagsins er (+354) 515-4900, slóð vefsíðu félagsins er [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is) og almennt netfang er [lanasjodur@lanasjodur.is](mailto:lanasjodur@lanasjodur.is). Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum árið 1966. Með lögum nr. 150/2006 var Lánasjóðurinn gerður að opinberu hlutafélagi og var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007. Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í 3. gr. samþykkt Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kemur fram að tilgangur félagsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé til verkefna, sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, á hagstæðum kjörum, svo og önnur fjármálaþjónusta við sveitarfélög og önnur starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við megintilgang félagsins. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart félaginu.

Nánari upplýsingar um útgefanda er að finna í útgefandalýsingu sem eru hluti af grunnlýsingu þessari.

## 4 SJÁLFBÆRNI OG GRÆN SKULDBRÉF

Lánasjóðurinn leggur sig fram um að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í starfsemi sinni og leggur sitt af mörkum til samfélagsins og hagkerfisins. Tilgangur grænna lánveitinga er að hvetja sveitarfélög til að leggja áherslu á umhverfisvæn verkefni og sporna geng loftslagsbreytingum.

Lánshæf verkefni samkvæmt grænni umgjörð, þurfa að samræmast langtíma stefnu sveitarfélags í umhverfis- og loftslagsmálum og skulu vera hluti af skipulagðri vinnu á sviði umhverfismála innan sveitarfélagsins. Verkefni skulu hafa mælanleg umhverfisáhrif sem lágmarka skaðsemi á umhverfið og/eða vera verkefni sem eru aðlögunarhæf (e. 2 adaptation potentials). T.d Fráveitu – og hitaveitu framkvæmdir, vistvænar byggingar, umhverfisvænni samgöngur ofl.

Stjórnendur Lánasjóðsins ákvarða hvort verkefni uppfylli skilyrði sem samþykkt hafa verið af stjórn Lánasjóðsins og verða verkefni að hafa mælanleg jákvæð umhverfisáhrif sem sveitarfélagið skilar inn með umsókn sinni. Lánastjóri og framkvæmdastjóri samþykkja sameiginlega hvaða verkefni skuli fjármögnuð með útgáfu á grænum skuldabréfum. Aðgengi að sérfræðingi í umhverfismálum er til staðar við mat á því hvort verkefni uppfylli þau skilyrði til að vera lánshæf m.t.t. grænna lánveitinga lánasjóðsins. Öll lánshæf verkefni eru kynnt fyrir stjórn Lánasjóðsins mánaðarlega. Lánastjóri Lánasjóðsins heldur sérstaka skrá yfir fjármögnuð verkefni og tengd umhverfisáhrif.

Lánasjóðurinn gefur einungis út græn skuldabréf þegar upphæð lánshæfra verkefna skv. umgjörðinni hefur náð ákveðnu marki. Fjárstýring Lánasjóðsins hefur umsjón með ráðstöfun söluandvirðis af grænum skuldabréfum í samræmi við innri verklagsreglur sem lúta eftirliti innri endurskoðunar. Söluandvirði skuldabréfanna er fjárfest til skamms tíma í ríkisskuldabréfum eða öðrum áhættulitlum peningamarkaðsgerningum þar til lán eru greidd út.

Lánasjóðurinn upplýsir um úthlutun til lánshæfra verkefna í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa. Endurskoðandi Lánasjóðsins fer yfir úthlutun fjármuna sem aflað er með útgáfu grænna skuldabréfa og birtir niðurstöður sínar einnig í framvinduskýrslu grænna skuldabréf. Lántakar upplýsa sjálfir um umhverfisáhrif fjármagnaðra verkefna og framkvæma sjálfstætt mat á áhrifum verkefna með aðstoð innri og/eða ytri sérfræðinga í umhverfismálum.

Í framvinduskýrslu fá fjárfestar viðeigandi upplýsingar, m.a. yfirlit yfir fjármögnuð græn verkefni, stutta verkefnislýsingu og áætluð umhverfisáhrif. Þá er farið yfir heildarfjármögnun lánshæfra verkefna og tilgreint hversu miklu fjármagni hefur verið úthlutað. Þá er settar fram upplýsingar um CO<sub>2</sub>-útreiðni sem komið var í veg fyrir, orkunýtingu og/eða aðra viðeigandi mælikvarða og heldar umhverfisáhrif fjármagnaðra verkefna. Framvinduskýrslan er birt árlega á heimasíðu Lánasjóðsins.

## 5 SKRÁNING Á MARKAÐ OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA

### 5.1 Útgáfa skuldabréfa og skráning á markað

Öll skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga eru rafrænt skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. og er áformað að halda því fyrirkomulagi með nýja skuldabréfaflokka. Ekki er áformað að óska eftir að skuldabréf Lánasjóðsins verði tekin til viðskipta á öðrum mörkuðum.

Lánasjóðurinn mun ákveða skilmála hvernar útgáfu í samræmi við þá skilmála sem tilgreindir eru í kafla 7, *Skilmálar skuldabréfanna*, en skilmálunum getur verið breytt með viðaukum við grunnlýsingu. Endanlegir skilmálar hvernar útgáfu verða svo tilgreindir í viðeigandi endanlegum skilmálum útgáfunnar. Form endanlegra skilmálar er að finna í kafla 8 en þeir verða birtir á heimasíðu fjármálaeftirlitsins og á heimasíðu Lánasjóðs sveitarfélaga.

### 5.2 Útboð og útgáfuáætlun

Lánasjóður sveitarfélaga ráðgerir að halda reglulega skuldabréfaútböð til þess að afla lánsfjár til verkefna íslenskra sveitarfélaga líkt og undanfarin misseri. Útgáfuáætlun er gefin út á ársgrundvelli og er nánari upplýsingar um hana að finna á vefsíðu Lánasjóðsins, <https://www.lanasjodur.is/fjarfestar>, en þar er einnig að finna útböðsdagatal. Ef breytingar verða á áætluninni eða útböðsdagatalinu verður það tilkynnt í fréttakerfi Nasdaq kauphallarinnar og á heimasíðu Lánasjóðsins. Útgáfuáætlunin var síðast uppfærð þann 5. apríl 2023 en þar er gert ráð fyrir að skuldabréfaútgáfa ársins 2023 verði á bilinu 18 til 24 milljarðar að markaðsvirði.

Fyrirkomulag á sölu skuldabréfa er tilkynnt til kauphallar eftir atvikum ásamt útböðsskilmálum. Lánasjóðurinn áskilur sér rétt til að breyta því fyrirkomulagi þegar það á við. Einnig áskilur Lánasjóðurinn sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er, í heild eða að hluta, eða hafna þeim öllum.

### 5.3 Kostnaður við útgáfuna

Söluþóknun vegna sölu á skuldabréfunum til endanlegra fjárfesta er ákveðið sem hlutfall af söluverði bréfanna. Hvorki útgefandi, seljandi né umsjónaraðili munu leggja kostnað á fjárfesta vegna sölu bréfanna eða tóku þeirra til viðskipta. Að undanþeginni þóknun vegna sölu skuldabréfanna er ekki um að ræða teljandi annan kostnað sem fellur til vegna útgáfu skuldabréfanna.

### 5.4 Viðskiptavakt

Viðskiptavakt er á ákveðnum skuldabréfaflokkum Lánasjóðs sveitarfélaga og hefur Lánasjóðurinn gengið frá samningum við aðalmiðlara í tengslum við útgáfu skuldabréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Markmiðið með samningunum er að styrkja aðgang Lánasjóðsins að lánsfé og efla verðmyndun á eftirmarkaði. Frá 1. apríl 2023 til 31. apríl 2024 hafa Arion banki hf (til heimilis að Borgartúni 19, 105 Reykjavík), Íslandsbanki hf (til heimilis að Hagasmára 3, 201 Kópavogi), Landsbankinn hf. (til heimilis að Reykjastræti 6, 101 Reykjavík) og Kvika banki hf (til heimilis að Katrínartúni 2, 105 Reykjavík) heimild til að kalla sig „aðalmiðlara með skuldabréf Lánasjóðsins“. Við dagsetningu grunnlýsingar þessarar eru flokkarnir LSS 39 0303, LSS150434 og LSS151155 með viðskiptavakt.

Viðskiptavakar gegna ákveðnum skyldum í útböðum Lánasjóðsins í ofangreindum flokkum sem og á eftirmarkaði eins og nánar er tilgreint í samningum. Breytingar á samningum um viðskiptavakt og endurnýjun samninga er tilkynnt í fréttakerfi Nasdaq kauphallarinnar og á heimasíðu Lánasjóðsins. Nánari upplýsingar um viðskiptavakt Lánasjóðsins er að finna á heimasíðu hans: <https://www.lanasjodur.is/fjarfestar>

Helstu atriði samningsins eru:

- Aðalmiðlarar hafa einir aðgang að útböðum Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
- Aðalmiðlari skuldbindur sig til að setja fram markaðsmyndandi tilboð í útböðum skuldabréfa lánasjóðsins að lágmarki 100 m.kr. að nafnverði samanlagt í þá flokka sem í boði eru í hverju útböði, að hámarki þó einu sinni í hverjum mánuði.
- Aðalmiðlarar hafa einir aðgang að sérstökum verðbréfalánnum sem Lánasjóðurinn veitir.
- Aðalmiðlari er viðskiptavaki á eftirmarkaði fyrir þrjá skuldabréfaflokka Lánasjóðsins og setur fram kaup- og sölutilboð að lágmarki sem hér segir:

Skuldabréfaflokkur	Tilboðsskylda (nafnv.)
LSS150434	40 m.kr.
LSS151155	20 m.kr.
LSS 39 0303	40 m.kr.

- Aðalmiðlari skuldbindur sig til þess að verðmunur kaup- og sölutilboða hans fari ekki yfir 1% fyrir LSS150434 og LSS 39 0303 en 1,25% fyrir LSS151155.
- Aðalmiðlara er skylt að endurnýja tilboð sín innan 15 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið. Ef aðalmiðlari á viðskipti á einum viðskiptadegi fyrir samtals 200 m.kr. að nafnverði með þá flokka lánasjóðsins sem viðskiptavakt er með er honum heimilt að víkja út frá hámarksmun kaup- og sölutilboða.
- Samningarnir gilda frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.

## 6 TILTÆK SKJÖL

Fjárfestar geta óskað eftir grunnlýsingu þessari á prentuðu formi og nálgast hana á skrifstofu félagsins í Borgartúni 5, Reykjavík, 5. hæð. Aðgengi að eftirfarandi skjölum verður tryggt á meðan grunnlýsing þessi er í gildi. Það verður gert með birtingu á vef félagsins á slóðinni [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is):

- Samþykktir Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem samþykktar voru á aðalfundi sjóðsins þann 26. mars 2021
- Stofnsamning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem samþykktur var þann 23. mars 2007
- Græn umgjörð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem vottuð var að Sustainabilitys í október 2019
- Vottun Sustainabilitys á Grænni umgjörð Lánasjóðsins sem gefin var út í október 2019

Eftirfarandi upplýsinga eru felldar inn með tilvísun í grunnlýsingu þessa og skoðast þar með sem órjúfanlegur hluti af henni:

- Samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir fyrri árhelming 2023 sem birtur var í Kauphöll Nasdaq hf þann 23. ágúst 2023  
<https://www.lanasjodur.is/media/arsreikningar/Arshlutareikningur-LS--2023-06-30.pdf>
  - Endurskoðaður ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2022 sem birtur var í Kauphöll Nasdaq hf. þann 9. Mars 2023  
<https://www.lanasjodur.is/media/arsreikningar/Lanasjodur-sveitarfelaga-ohf.-Arsreikningur-2022.pdf>
- Endurskoðaður ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2021 sem birtur var í Kauphöll Nasdaq hf. þann 11. mars 2022  
<https://www.lanasjodur.is/media/arsreikningar/Lanasjodur-sveitarfelaga-ohf-arsreikningur-2021.pdf>
- Endurskoðaður ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2020 sem birtur var í Kauphöll Nasdaq hf. þann 10. mars 2021  
<https://www.lanasjodur.is/media/arsreikningar/Arsreikningur-LS-2020-12-31.pdf>

## 7 ÁBYRGIR AÐILAR

### 7.1 Staðfesting

Verðbréfalýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“) sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129. Útgefandalýsing ásamt verðbréfalýsingu þessari dagsettar 29. september 2023 mynda grunnlýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sbr. 8 gr. reglugerðar 2017/1129. Verðbréfalýsingin fylgir ákvæðum viðauka í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2019/980, þ.e. viðauka 14. Fjármálaeftirlitið hefur staðfest verðbréfalýsinguna í þeim skilningi að hún uppfyllir þær kröfur að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129 en ekki ber að líta á slíkt sem staðfestingu á gæðum verðbréfa sem gefin verða út samkvæmt verðbréfalýsingu þessari. Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér margvíslega áhættuþætti og skulu fjárfestar sjálfir meta hvort viðkomandi verðbréf henta þeim.

### 7.2 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

### 7.3 Yfirlýsing útgefanda

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, bera ábyrgð á verðbréfalýsingu þessari og lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem verðbréfalýsing þessi hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Lánasjóður sveitarfélaga er umsjónaraðili með töku skuldabréfa hans til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Reykjavík, 29. september 2023  
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Fyrir hönd stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.



## 7.4 Tilkynning til fjárfesta

Grunnlýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum vegna fyrirhugaðrar töku skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og koma skulu fram í grunnlýsingu og endanlegum skilmálum skv. 6., 14. og 28. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/980 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004. Tilgangurinn er m.a. að koma á framfæri þeim upplýsingum sem áskildar eru skv. reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga í Nasdaq Iceland hf. og fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í skuldabréfum sem fyrirhugað er að sækja um töku til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. á grundvelli grunnlýsingar þessarar og endanlegum skilmálum skuldabréfanna sem verða útgefin af Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Um útgáfu og töku skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. til viðskipta fer fram samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 14/2020 um um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, og lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Í grunnlýsingunni vísa „sjóðurinn“ og „Lánasjóðurinn“ til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Ekki er áformað að óska eftir að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á öðrum mörkuðum.

Ekki er heimilt að dreifa grunnlýsingunni til landa þar sem slík dreifing er ólögleg eða brýtur í bága við reglur hjá opinberum eftirlitsaðilum í viðkomandi landi.

## 8 SKILMÁLAR SKULDABRÉFANNA

Skilmálar skuldabréfanna (einnig „skilmálarnir“) eru tilgreindir hér að neðan og eru fullkláraðir með viðeigandi endanlegum skilmálum. Skilmálarnir innihalda valmöguleika sem er lýst með skáletruðum texta í vinstri dálki eða innan hornklofa en upplýsingar, sem ekki eru þekktar á dagsetningu grunnlýsingarinnar, eru jafnframt innan hornklofa. Í viðeigandi endanlegum skilmálum tilgreinir útgefandi hvaða valmöguleikar eiga við um hverja útgáfu með því að fylla inn þær upplýsingar sem ekki voru þekktar við dagsetningu grunnlýsingarinnar.

<i>Grein 1: Á við í öllum tilfellum:</i>	<b>Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill</b>  Skuldabréfin eru gefin út í þeim gjaldmiðli sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum sem útgáfugjaldmiðill skuldabréfanna. Gefin eru út skuldabréf hverju sinni að því nafnvirði sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Þar er einnig tilgreint nafnverð áður útgefna skuldabréfa, hvort þau hafi verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og þá á hvaða markaði. Heildarheimild til útgáfu skuldabréfa í sama flokki ásamt nafnverðseiningum er tilgreint.
<i>Grein 2: Á við í öllum tilfellum:</i>	<b>Útgáfuform og greiðslufyrirkomulag</b>  Skuldabréfin eru nafnbref, gefin út rafrænt hjá þeirri verðbréfamiðstöð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum. Útgefandi mun greiða af skuldabréfunum höfuðstól, vexti og verðbætur, eftir því sem við á samkvæmt endanlegum skilmálum hvers skuldabréfs fyrir sig á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa falið vörslu á skuldabréfum sínum. Greitt er í samræmi við skráða eign skuldabréfaeiganda einum degi fyrir hvern gjalddaga.  Með vörslureikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Viðkomandi reikningsstofnun annast endanlegar greiðslur inn á vörslureikninga eigendanna, þar sem skuldabréfin eru í vörslu. Útgefandi annast allan útreikning á greiðslum. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð ef greiðslufall verður á flokknum og skal í slíku tilviki senda verðbréfamiðstöð aðra tilkynningu þegar greiðsla hefur farið fram.  Skuldabréfin verða afskráð úr kerfum verðbréfamiðstöðvar sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga nema tilkynning um annað berist frá útgefanda.
<b>Grein 3</b>	<b>Endurgreiðsla höfuðstóls</b>

<p>Grein 3.1: Á við ef höfuðstóll er endurgreiddur með <b>jöfnum afborgunum og verðtrygging</b> er tilgreind:</p>	<p>Greiðsla höfuðstóls skal vera með jöfnum afborgunum eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum, þar sem sagt er til um fjölda og tíðni afborgana, fyrstu greiðsludagsetningu og lokagjalddaga.</p> <p>Eftirfarandi jafna er notuð <b>útreikning afborgana</b> á hverjum gjalddaga:</p> $A = \frac{d}{n} \times IR$ <p>þar sem :</p> <p>A = Fjárhæð hvernar afborgunar höfuðstólsins  d = Höfuðstóll skuldabréfsins  n = Heildarfjöldi afborgana af skuldabréfinu</p> <p>IR (Verðbótastuðull) = <math>Verðbótastuðull = \frac{Dagvísitala_{uppgjörsdags}}{Grunnvísitala}</math></p>
<p>Grein 3.2: Á við ef höfuðstóll er endurgreiddur með <b>jöfnum afborgunum og verðtrygging</b> er ekki tilgreind:</p>	<p>Eftirfarandi jafna er notuð við <b>útreikning afborgana</b> á hverjum gjalddaga:</p> $A = \frac{d}{n}$ <p>A = Fjárhæð hvernar afborgunar höfuðstólsins  d = Höfuðstóll skuldabréfsins  n = Heildarfjöldi afborgana af skuldabréfinu</p>
<p>Grein 3.3: Á við ef höfuðstóll er endurgreiddur með <b>jöfnum hálfárslegum greiðslum og verðtrygging</b> er tilgreind:</p>	<p>Eftirfarandi jafna er notuð við <b>útreikning afborgana</b> á hverjum gjalddaga:</p> $A = \frac{r(1+r)^{k-1}}{(1+r)^n - 1} \times (hxIR)$ <p>þar sem :</p> <p>A = Fjárhæð hvernar afborgunar höfuðstólsins  r = c/2  c = Grunnvextir skuldabréfsins  h = Höfuðstóll skuldabréfsins  n = Heildarfjöldi afborgana af skuldabréfinu  k = Fjöldi greiddra afborgana af skuldabréfinu + 1 (k = 0 á útgáfudegi, k = 1 á fyrsta gjalddaga, o.s.frv.).</p> <p>IR (Verðbótastuðull) = <math>Verðbótastuðull = \frac{Dagvísitala_{uppgjörsdags}}{Grunnvísitala}</math></p>
<p>Grein 3.4: Á við ef höfuðstóll er endurgreiddur með <b>jöfnum hálfárslegum greiðslum og verðtrygging</b> er ekki tilgreind:</p>	<p>Eftirfarandi jafna er notuð við <b>útreikning afborgana</b> á hverjum gjalddaga:</p> $A = \frac{r(1+r)^{k-1}}{(1+r)^n - 1} \times h$ <p>þar sem :</p> <p>A = Fjárhæð hvernar afborgunar höfuðstólsins  r = c/2  c = Grunnvextir skuldabréfsins  h = Höfuðstóll skuldabréfsins  n = Heildarfjöldi afborgana af skuldabréfinu  k = Fjöldi greiddra afborgana af skuldabréfinu + 1 (k = 0 á útgáfudegi, k = 1 á fyrsta gjalddaga, o.s.frv.).</p>
<p>Grein 3.5: Á við ef höfuðstóll er endurgreiddur með <b>einni greiðslu og verðtrygging</b> er ekki tilgreind:</p>	<p>Höfuðstóll skal greiddur í einu lagi á lokagjalddaga.</p>

<b>Grein 4</b>	<b>Uppgreiðsluheimild að vali útgefanda</b>
<i>Grein 4.1: Á við ef uppgreiðsluheimild er fyrir hendi:</i>	Útgefanda er heimilt einhliða að umframgreiða skuldabréfin að hluta eða öllu leyti eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.
<i>Grein 4.2: Á við ef uppgreiðsluheimild er ekki fyrir hendi:</i>	Útgefanda er óheimilt einhliða að umframgreiða skuldabréfin að hluta eða öllu leyti eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.
<i>Grein 4.3: Á við ef uppgreiðsluheimild er heimil á uppgreiðsludögum í samræmi við uppgreiðslur lántakenda Lánasjóðsins:</i>	Útgefanda er eingöngu heimilt á uppgreiðsludögum að greiða upp (innkalla) þá fjárhæð sem lántakendur Lánasjóðs sveitarfélaga hafa greitt upp af útlánnum tilkomnum af fjármögnun þessa útlánaflokks. Innri endurskoðendur Lánasjóðsins hafa eftirlit með og skjalfesta það ferli.  Uppgreiðsla fer fram á pari og verður að tilkynnast með 30 daga fyrirvara í fréttakerfi Nasdaq Iceland kauphallarinnar. Heimilir uppgreiðsludagar og uppgreiðsluálag skal tilgreint í endanlegum skilmálum.
<b>Grein 5</b>	<b>Vextir</b>
<i>Grein 5.1: Á við ef skuldabréfin bera fasta vexti</i>	Af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, greiðast <b>fastir ársvextir</b> sem tilgreindir eru í endanlegum skilmálum.
<i>Grein 5.2: Á við ef skuldabréfin bera breytilega vexti</i>	Af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, greiðast <b>breytilegir vextir</b> eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Breytilegu vextirnir eru ákvarðaðir af viðmiðunarvöxtum auk álags eða frádrags sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Fyrir hvert vaxtatímabil skal ákvarða gildi viðmiðunarvaxta fyrir umrætt vaxtatímabil. Fyrir hvert vaxtatímabil skal ákveða viðmiðunarvexti vaxtatímabilsins, innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í endanlegum skilmálum ásamt upplýsingum um við hvaða upplýsingakerfi/vefsíðu og tímasetningu skuli miðað. Í endanlegum skilmálum kemur fram við hvaða millibankavexti skuli miðað og til hversu langs tíma. Verði birtingu viðkomandi viðmiðunarvaxta, sem tilgreindir eru í endanlegum skilmálum, hætt að öllu leyti eða fyrir þá lengd vaxtatímabila sem eiga við, skal útgefandi tilgreina nýtt vaxtaviðmið sem skal taka mið af vöxtum á sama markaði og á sambærilegum lánnum að mati útgefanda.
<i>Grein 5.3: Á við í öllum tilfellum</i>	Fyrsta <b>vaxtatímabil</b> skuldabréfsins hefst við útgáfudag þess og lýkur á deginum fyrir upphafsdag annars vaxtatímabils eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum. Eftir það skal hvert vaxtatímabil vera ákveðnir dagar eða mánuðir til lokagjalddaga eftir því sem tilgreint er í endanlegum skilmálum.
<b>Grein 6</b>	<b>Verðtrygging</b>
<i>Grein 6.1: Á við ef skuldabréfin eru verðtryggð</i>	Skuldabréfin eru bundin þeirri tegund verðtryggingarvísitölu sem tilgreind er í endanlegum skilmálum og er grunnvísitölugildi vísitölnunnar einnig tilgreint í endanlegum skilmálum. Höfuðstóll skuldabréfanna breytist í hlutfalli við breytingar á verðtryggingarvísitölnunni frá <b>grunnvísitölugildi</b> fram til vísitölugildis (eins og tilgreint er í viðeigandi grein hér að neðan) á fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á milli síðari gjalddaga.
<i>Grein 6.2: Á við ef vísitölugildi er dagvísitala</i>	Daglegt verðbólguvísitölugildi reiknast línulega samkvæmt eftirfarandi reiknireglu: Viðmiðunartala fyrir fyrsta daginn í mánuði $m$ er vísitala neysliverðs fyrir mánuðinn $m-2$ ; til dæmis er viðmiðunartalan fyrir 1. apríl vísitala neysliverðs fyrir febrúarmánuð. Viðmiðunin fyrir einhvern annan dag í mánuði $m$ reiknast línulega milli vísitölu neysliverðs fyrir mánuðinn $m-2$ og vísitölu neysliverðs fyrir mánuðinn $m-1$ , samkvæmt eftirfarandi reiknireglu:  $\text{Daglegt verðbólguvísitölugildi} = VNV_{m-2} + \left[ \frac{d-1}{30} \times (VNV_{m-1} - VNV_{m-2}) \right]$ <i>þar sem</i> $VNV_{m-1}$ er vísitala neysliverðs fyrir fyrsta daginn í mánuði $m-1$ , $VNV_{m-2}$ er vísitala neysliverðs fyrir fyrsta daginn í mánuði $m-2$ , $d$ er mánaðardagur uppgjors.  Dagleg verðbólguviðmiðun, þ.m.t. grunnvísitalan, skal sett fram með fimm aukastöfum. Sama regla gildir um verðbótastuðulinn. Þegar áfallnir vextir eru reiknaðir út frá hreinu verði eru sex aukastafir notaðir.
<i>Grein 6.3: Á við ef vísitölugildi er mánaðarvísitala</i>	Vísitölugildi hvers gjalddaga er það gildi verðtryggingarvísitölu sem gildir í þeim mánuði sem viðkomandi gjalddaga tilheyrir.
<i>Grein 7: Á við í öllum tilfellum</i>	<b>Fyrningarákvæði</b> Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fyrnast í samræmi við lög nr. 150/2007 um fyrningu

	kröfuréttinda. Samkvæmt 5. gr. laganna fyrnast afborganir af höfuðstól á 10 árum frá gjalddaga, en kröfur um vexti og verðbætur fyrnast á 4 árum frá gjalddaga.
<i>Grein 8: Á við í öllum tilfellum</i>	<p><b>Viðtökudráttur og vanskil</b></p> <p>Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfeldri fjárhæð samkvæmt framanrituðu.</p> <p>Þegar skuldin er í gjalddaga fallin skv. framansögðu má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengis dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.</p> <p>Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétttháar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda ef til skilameðferðar útgefanda kæmi samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB.</p> <p>Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.</p>
<i>Grein 9: Á við í öllum tilfellum</i>	<p><b>Framsäl</b></p> <p>Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna. Skuldabréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreindra aðila. Skuldabréfin eru rafrænt skráð hjá þeirri verðbréfamiðstöð sem tilgreint eru hverju sinni og þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við viðeigandi verðbréfamiðstöð.</p>
<i>Grein 10: Á við í öllum tilfellum</i>	<p><b>Skattamál</b></p> <p>Vakin er athygli á að skattalög aðildarríkis fjárfestis og skráningarlands útgefanda geta haft áhrif á tekjur af skuldabréfunum. Um skattalega meðferð skuldabréfa fer samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma.</p> <p>Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum. Sá aðili sem varslar skuldabréf fyrir skuldabréfaeiganda annast útreikning og staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna. Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld.</p>
<i>Grein 11: Á við í öllum tilfellum</i>	<p><b>Stimpilgjaldskylda</b></p> <p>Skuldabréfin sæta ekki stimpilgjaldi, sbr. lög um stimpilgjald nr. 138/2013.</p>
<i>Grein 12: Á við í öllum tilfellum</i>	<p><b>Meðferð ágreinings</b></p> <p>Rísi mál út af skuldabréfi þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.</p>
<i>Grein 13: Á við í öllum tilfellum</i>	<p><b>Víkjandi ákvæði</b></p> <p>Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum.</p>
<i>Grein 14: Á við í öllum tilfellum</i>	<p><b>Hlunnindi</b></p> <p>Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum.</p>
<i>Grein 15: Á við í öllum tilfellum</i>	<p><b>Ábyrgð útgefanda</b></p> <p>Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétttháar öðrum almennum kröfum og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda.</p>

## 9 FORM ENDANLEGRA SKILMÁLA

### ENDANLEGRIR SKILMÁLAR

[Hér að neðan er form endanlegra skilmála sem verður útfyllt fyrir hvern útgáfuhluta skuldaskjala sem gefinn verður út innan skuldabréfaflokksins]

[Dags]

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Auðkenni (LEI): 2138002IF266ITSZ8939

Útgáfa á [samtals útgefið nafnverð útgáfuhluta] í skuldabréfaflokknum [•]

Þessir endanlegu skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 29. september 2023, skv. 6., 14. og 28. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980 um sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB, sbr. lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur. Útboð á skuldabréfunum fer einungis fram á Íslandi og hafa tilkynningar sem varða skuldabréfin einungis verið birtar á Íslandi.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu dagsettri 29. september 2023. Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu Lánasjóðsins <https://www.lanasjodur.is/fjarfestar>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréfin með því að lesa saman, mögulega viðauka við hana og þessa endanlegu skilmála. Samantekt í tengslum við útgáfu skuldabréfanna er að finna í hluta II af endanlegum skilmálum þessum.

Greinar eru tölusettar í þessum endanlegu skilmálum og vísa í greinar um skilmála bréfanna í kafla 7 í grunnlýsingunni.

### Hluti I: Endanlegir skilmálar

<b>Grein 1</b> <b>Nafnverðseiningar, heildarheimild, útgáfudagur og gjaldmiðill</b>	Grein 1 gildir um skuldabréfin Númer hluta: [•] Útgáfudagur skuldabréfanna: [•] Útgáfugjaldmiðill skuldabréfanna: [•] Nafnverð útgáfu: [•] Útgáfa eigin bréfa vegna viðskiptavaktar (nafnverð): [• / á ekki við] Áður útgefið skuldabréf í flokki: [•] Heildarheimild til útgáfu: [•] Nafnverðseiningar: [•] ISIN númer: [•] CFI númer: [•] FISN númer: [•]
<b>Grein 2</b> <b>Útgáfuform og greiðslufyrirkomulag</b>	Grein 2 gildir um skuldabréfin Verðbréfamiðstöð: [Lögformlegt heiti, kennitala, heimilisfang og staður]
<b>Grein 3</b> <b>Endurgreiðsla höfuðstóls</b>	[Jafnar afborganir og gildir grein 3.1 um útreikning höfuðstóls] / [Jafnar afborganir og gildir grein 3.2 um útreikning höfuðstóls] / [Jafnar greiðslur og gildir grein 3.3 um útreikning höfuðstóls] / [Jafnar greiðslur og gildir grein 3.4 um útreikning höfuðstóls] / [Höfuðstóll er greiddur í einni greiðslu og gildir grein 3.5 um útreikning höfuðstóls] Fyrsta greiðsla afborgana: [Dagsetning] Heildarfjöldi afborgana: [•] Tíðni afborgana: [•] Lokagjaldldagi: [Dagsetning]
<b>Grein 4</b> <b>Uppgreiðsluheimild að vali útgefanda</b>	[Útgefanda er heimilt að umframgreiða skuldabréfin á líftíma skuldabréfanna og gildir grein 4.1 um skuldabréfin] / [Útgefanda er óheimilt að umframgreiða skuldabréfin á líftíma skuldabréfanna og gildir grein 4.2 um skuldabréfin] / [Útgefanda er heimilt að umframgreiða skuldabréfin á líftíma skuldabréfanna á uppgreiðsludögum í samræmi við uppgreiðslur lántakenda Lánasjóðsins og gildir grein 4.3 um skuldabréfin] [Uppgreiðsluálag: [%] ]

	<i>[Uppgreiðsludagar: [•] ]</i>
<b>Grein 5 Vextir</b>	<i>[Fastir ársvextir: [•%] og gildir grein 5.1 um skuldabréfin] / [Vextir eru breytilegir og gildir grein 5.2 um skuldabréfin.]</i> <i>[Viðmiðunarvextir breytilegra vaxta: [•] ]</i> <i>Finna má upplýsingar um sögulega þróun breytilegra vaxta á vefsíðu útgefanda:</i> <a href="https://www.lanasjodur.is">https://www.lanasjodur.is</a> <i>[Álag á breytilega vexti: [•%] ]</i> Fyrsta vaxtagreiðsla: <i>[Dagsetning]</i> Fyrsti vaxtadagur: <i>[Dagsetning]</i> Heildarfjöldi vaxtagreiðslna: [•] Tíðni vaxtagreiðslna: [•]
<b>Grein 6 Verðtrygging</b>	<i>[Skuldabréfin eru óverðtryggð] /</i> <i>[Skuldabréfin eru verðtryggð og gildir grein 6.1 um þau.</i> <i>[Verðtryggingarvísitala:[tegund vísitölu], [dagvísitala, mánaðarvísitala] ]</i> <i>[Grunnvísitölugildi: [•] þann [dagsetning] ]</i>
<b>Grein 7 Dagaregla</b>	Dagaregla: [•]
<b>Grein 8 Ávöxtun á söludegi og útreikningur</b>	Ávöxtunarkrafa dags. [•] var [•] og sölugengi [•]. Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins til lokagjalds sé jafnt söluverðinu (ávöxtunarkrafa til lokagjalds).
<b>Grein 9 Taka til viðskipta</b>	Sótt hefur verið um að skuldbréf að fjárhæð [•] að nafnvirði verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., til heimilis að Laugavegi 182, 105 Reykjavík, þann [•].

Skuldabréf í flokknum verða seld til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu [•]. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölunnar er [•].

Lánasjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur [•%] af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK [•]. Skuldabréfin verða tekin til viðskipta á Íslandi en ekki í öðrum löndum.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK [•]. Að frádreginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu er nettósöluandvirði útgáfunnar [•].

Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann [•]:

---

sem hefur til þess fullt umboð

## Hluti II: Samantekt

*Ef skuldabréfin eru gefin út í nafnverðeiningum lægri en sem nemur 100.000 evra (eða jafngildi þess í þeim gjaldmiðli sem skuldabréfin eru gefin út í) skal bæta við samantekt við endanlegu skilmálana]*